

Landssamtök lífeyrissjóða
Fréttatilkynning 7. október 2008

Fjallað var ítarlega um nýsamþykkt lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamörkuðum á fundi stjórnar og varastjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða í dag. Forystusveit samtakanna hefur skilning á að ríkisstjórnin hafi séð sig knúna til að grípa til lagasetningar og tilheyrandi ráðstafana, enda hafi í raun blasað við neyðarástand að óbreyttu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fjölskyldur, fyrirtæki og allt fjármála- og efnahagskerfi landsmanna.

Landssamtök lífeyrissjóða sjá ástæðu til að áréttta eftirfarandi:

1. Lífeyrissjóðir tóku vel í tilmæli ríkisstjórnar í fyrri viku um að taka þátt í umfangsmiklum aðgerðum í efnahags- og fjármálalífi með því að flytja allt að helming erlendra eigna sinna til landsins til að styrkja íslenska krónu. Engir samningar þar að lútandi hafa hins vegar átt sér stað, enda varð ljóst um helgina að umfang aðstedjandi vanda væri slíkt að kallaði á mun víðtækari og alvarlegri viðbrögð stjórnvalda en talað hafði verið um áður.
2. Ef ríkisstjórnin sér ástæðu til að taka þennan þráð upp við lífeyrissjóðina á nýjan leik mun forystusveit Landssamtaka lífeyrissjóða fjalla um erindið í ljósi þess að allar aðstæður hafa gjörbreyst með neyðarlögum frá Alþingi og afleiðingum þeirra. Lífeyrissjóðir áskilja sér þannig allan rétt til að fjalla um málið á nýjum forsendum og komast að niðurstöðu í samræmi við þær.
3. Engum dylst að íslensk þjóð glímir við mikinn vanda og lífeyrissjóðir, líkt og aðrir, taka þátt í aðgerðum sem miða að því að komast út úr þrengingunum. Landssamtök lífeyrissjóða beina því þannig til stjórna og stjórnenda lífeyrissjóða í landinu að koma til móts við lántakendur eins og aðstæður leyfa hverju sinni.
4. Fyrir liggur að ástandið á fjármálamörkuðum og neyðarlögin frá Alþingi hafa áhrif á lífeyrissjóðina líkt og á öll heimili og fyrirtæki landsins. Ljóst er að eignir lífeyrissjóða rýrna við þessar aðstæður. Rétt er að halda því til haga að lífeyrissjóðir hafa aukið lífeyrisréttindi verulega á undanförunum árum. Allt bendir hins vegar til þess að aðstæður nú leiði til þess að grípa þurfi til skerðingar lífeyrisréttinda sem kæmi þó ekki til framkvæmda fyrr en á fyrri hluta árs 2009.

Hrafn Magnússon,
framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða,
sími 897 3558